Gos í Eyjafjallajökli - staða 24. maí 2010 kl. 14:00.
Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

Unnið af: Sigþrúði Ármannsdóttur, Þorsteini Jónssyni og Birni Sævari Einarssyni. Jakobsdóttur.

Byggt á: Jarðskjálftamælum, vatnsrennsli í Markarfljóti, GPS mælum, vefmyndavélum, tilkynningum á vefnum um öskufall, eldingamæligögnum bresku veðurstofunnar og gervihnattamyndum.

Gosmökkur:

Hæð: Gufumökkurinn er í tæplega 2 km. Metið út frá vefmyndavél. Hæg norðanátt.

Stefna: Suður.

Litur: Ljós, gufa.

Gjóskufall: Engar tilkynningar hafa borist af öskufalli í dag.

Eldingar: Engar eldingar hafa mælst á eldingamælum bresku veðurstofunnar.

Drunur: Engar tilkynninngar.

Bræðsluvatn: Lítið vatnsrennsli er frá Gígjökli.

Aðstæður á gosstað: Svipaðar og í gær, metið út frá vefmyndavél.

Órói: Óróinn heldur áfram að minnka og er að nálgast það sem hann var fyrir gos.

Jarðskjálftar: Dregið hefur úr jarðskjálftavirkni. Einn skjálfti hefur mælst í jöklinum frá miðnætti.

GPS-aflögun: Láréttar færslur inn að miðju Eyjafjallajökuls og sig.

Heildarmat: Gosið virðist liggja niðri núna. Gufu leggur þó enn frá gosstöðvunum, en ekki er að sjá ösku í henni. Óróinn er aðeins meiri en fyrir gos, sérstaklega á miðtíðninni, 1-2Hz.